

Jarðhitakort af Íslandi: Jarðhiti í Héðinsfirði,
Siglufirði

Helgi Torfason

Greinargerð HeTo-89-05

JARÐHITAKORT AF ÍSLANDI: JARÐHITI Í HÉÐINSFIRÐI, SIGLUFIRÐI

1. INNGANGUR

Héðinsfjörður er í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar. Þangað er ekki bílfært, sem er líklega ástæðan fyrir því að byggð lagðist þar af á miðri þessa öld. Þangað er yfirleitt farið sjóleiðina eða gengið yfir Hestskarð, sem liggur upp úr Skútudal norðanverðum og nær upp í 600 m.

Þann 7. júlí 1989 var skotist í Héðinsfjörð á báti til að kanna jarðhita sem er að finna að Vatnsenda, innan við Héðinsfjarðarvatn. Þessi jarðhitastaður hefur lengi verið þekktur, en tækifærið var notað til að kanna hann nánar, mæla hitastig og skoða aðstæður. Í skýrslu Rannsóknarráðs Ríkisins (1944) segir svo:

Vatnsendi:

a) Upp í hlíðinni, ca 300 m fyrir austan bæinn kemur heitt vatn upp í skriðu.

Hiti: 20.5°C
pH: 9.3
rennsli ca 1/5 l/sek.

b) Volgt vatn kemur upp í malarskriðu ca. 50 m ofar í hlíðinni en nr a).

Hiti: 25°C
pH: 9.6
rennsli ca 1/5 l/sek.
Sýnishorn E24

Slý er í nr a. og b.

c) Heitt vatn kemur undan hlíðinni nokkru sunnar og neðar en nr. a.

Hiti: 18°C
pH: 9.6
rennsli ca 1/10 l/sek.

Kísilútfelling er svolítill alls staðar.

2. ATHUGUN 1989

Athugun sú sem hér er greint frá gefur niðurstöður sem eru mjög áþekkar þeim sem lýst er í skýrslunni frá 1944. Jarðhitinn hefur lítið breyst. Þó fékkst nú aðeins hærra hitastig 26.1°C, sem er harla lítið frávik frá því sem áður fannst. Rennsli var á að giska 1/4 l/s úr heitasta auganu.

Á meðfylgjandi mynd er sýnd afstaða volgranna, en vatn seytlar upp á nokkrum stöðum út úr þykkri skriðunni. Heitasta lænan er í 140-145 m hæð og er dálítið gas í vatninu og talsverðar útfellingar á steinum þar í kring. Skriðan hefur runnið saman í nokkuð þétta hellu við útfellingu úr vatninu. Rétt ofan og sunnan við Vatnsenda er lágur höll sem nefndur er Laugarhóll, þó engann hita sé þar að finna. Höllinn er líklega kenndur við volgrunnar sem eru beint upp af honum.

Því miður voru ekki meðferðis ílát undir vatnssýni, en ekki er til efnagreining af vatni frá þessum stað. Forvitnilegt væri að hafa efnagreiningu frá þessum stað til samanburðar við efnagreiningar frá Ólafsfirði og Siglufirði.

Nýting á volga vatninu við Vatnsenda er engin, því bæði er vatnið fremur kalt og langt er til nýtingaraðila. Í Héðinsfirði er nú aðeins einn sumarbústaður (að Vatnsenda), veiðihús og skipbrotsmannaskýli. Þessi hús eru öll of langt frá volgrunum til að geta nýtt sér vatnið, nema ef væri Vatnsendi. Til Siglufjarðar er yfir fjöll að fara og dettur engum í hug að nýta það þar. Fyrr á tímum hefur vatnið vafalaust verið notað til þvotta og jafnvel til brynningar að vetri til. Vatnið úr volgrunum væri ef til vill unnt að nýta í fiskeldi, en þar sem langt er til byggða virðist slík not nokkuð langsóttur möguleiki.

Héðinsfjörður
Vatnsendi

